

# Skólareglur



- Við sýnum hvert öðru virðingu, tillitssemi, umhyggju og vinsemd í öllum samskiptum.
- Nemendur mæta stundvíslega í skólann, með öll námsgögn.
- Við vinnum vel og tryggjum hvert öðru góðan vinnufrið í skólanum.
- Við göngum vel um innan dyra sem utan og förum vel með eigur skólans
- Við erum ekki með sælgæti, orkudrykki eða gos í skólanum nema með sérstöku leyfi frá kennara.
- Nemendur í 1.-7. bekkjum eiga að vera inni á skólalóðinn í frímínútum.
- Hver bekkur setur sér bekkjarreglur.
- Ekkert andlegt, líkamlegt, stafrænt eða kynferðislegt ofbeldi.
- Engar hótanir eða ögranir.
- Engin mismunun vegna uppruna, litarháttar eða kynferðis.
- Engin notkun vímuefna.
- Engin skemmdarverk.
- Enginn þjófnaður.
- Enginn vopnaburður.
- Engin óheimil myndataka eða hljóðupptaka.

## Reglur um snjalltæki

- Öll snjalltæki sem nemandi hefur meðferðis í GÍH eru á ábyrgð eiganda. Þessar reglur gilda í öllu skólahúsnaðinu, skólalóð, í íþróttahúsi og sundlaug á skólatíma.
- Nemandi þarf að hafa leyfi kennara til að nota tækið í kennslustund.
- Snjalltæki sem nemandi er með má ekki hafa truflandi áhrif með neinum hætti á nám, kennslu, félagsstarf og frítíma nemenda á skólatíma og á vegum skólans.

Trufli nemandi vinnufrið eða virði ekki fyrirmæli starfsmanns eru viðurlög eftirfarandi:

1. brot. Starfsmaður skal taka snjalltæki af nemanda, afhenda umsjónarkennara sem skráir í Mentor. Kennari afhendir snjalltæki í lok dags.
2. brot. Starfsmaður skal taka snjalltæki af nemanda, afhenda stjórnanda sem skráir í Mentor. Foreldrar þurfa að sækja snjalltæki til stjórnanda í lok dags.

Neiti nemandi að afhenda starfsmanni snjalltæki skal kalla til stjórnanda.

Samþykkt og útgefið í Hveragerði ágúst 2022

Nemendur og starfsfólk Grunnskólans í Hveragerði